

RÍKISENDURSKOÐUN

Eftirfylgni: Sinfóníuhljómsveit Íslands



September 2026

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Lykilupplýsingar.....	4
Niðurstöður og samantekt.....	6
1 Eftirfylgni með ábendingum	8
1.1 Skýra þarf stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands	8
1.2 Ráðuneyti sinni skyldum sínum við eftirlit	9
1.3 Skýra þarf stefnu um markmið og rekstur.....	10
1.4 Hlúa þarf að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda	12

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsýsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort og þá hvernig brugðist hefur verið við ábendingum og tillögum Ríkisendurskoðunar og hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar.

Hér birtist eftirfylgni Ríkisendurskoðunar með þeim ábendingum sem settar voru fram í skýrslunni [Sinfóníuhljómsveit Íslands: Stjórnsýsluúttekt](#) (september 2023). Sú úttekt var unnin að beiðni framkvæmdastjóra og stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands en þar var leitast við að svara eftirfarandi meginspurningum:

- ✓ Eru reikningsskil og bókhald Sinfóníuhljómsveitar Íslands í samræmi við kröfur laga um opinber fjármál?
- ✓ Hvernig er skipulag, stjórn og starfshættir Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru þeir í samræmi við lög og reglugerðir?
- ✓ Eru veikleikar á starfsemi og starfsumhverfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands?
- ✓ Hefur stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands staðfest viðeigandi verklagsreglur og skilgreint verkferla varðandi lykilþætti starfseminnar, þ.m.t. mannauðsmál?
- ✓ Er frammistaða Sinfóníuhljómsveitar Íslands í samræmi við sett markmið og fjárveitingar?
- ✓ Er hagkvæmni og skilvirkni gætt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands?

Ríkisendurskoðun setti fram alls fjórar ábendingar í skýrslunni og voru tvær þeirra á ábyrgðarsviði menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti). Í fyrsta lagi þyrfti ráðuneytið að skýra stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og í öðru lagi að sinna skyldum sínum við eftirlit. Þriðja ábendingin var á ábyrgðarsviði bæði ráðuneytisins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kvað á um að skýra þyrfti stefnu um markmið og rekstur hljómsveitarinnar. Ríkisendurskoðun setti loks fram eina ábendingu til Sinfóníuhljómsveitarinnar um að hlúa þyrfti að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda.

Skýrslan var kynnt á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í [september 2023](#). Nefndin fjallaði um skýrsluna á fjórum fundum í september og nóvember sama ár og lauk umfjöllun um hana hinn 22. nóvember 2023 með álit, sbr. [Þingskjal 616 – 531. mál](#).

Ríkisendurskoðun tilkynnti menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Sinfóníuhljómsveit Íslands um eftirfylgni sína í desember 2025 og kallaði eftir upplýsingum um hvort og þá með hvaða hætti brugðist hefði verið við ábendingum embættisins. Svör Sinfóníuhljómsveitar Íslands bárust í desember 2025 en ráðuneytisins í janúar 2026. Ráðuneytið og Sinfóníuhljómsveitin fengu tækifæri til að gera athugasemdir við drög að þessari skýrslu áður en henni var skilað til Alþingis. Tekið skal fram að ráðuneytið kaus að svara aftur ábendingum í upphaflegri skýrslu Ríkisendurskoðunar en embættið tók tillit til athugasemdanna eftir því sem efni stóðu til.

Lykilupplýsingar

Fjórar ábendingar vegna atriða á ábyrgðarsviðum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og Sinfóníuhljómsveitar Íslands

1 Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Skýra þarf stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands

2 Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti


Ráðuneytið sinni skyldum sínum við eftirlit.

3 Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti Sinfóníuhljómsveit Íslands

Skýra þarf stefnu um markmið og rekstur.

4 Sinfóníuhljómsveit Íslands


Hlúa þarf að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda




- Búið að bregðast við ábendingu
- Komið til móts við ábendingu að hluta
- Ekki komið til móts við ábendingu

Ljóst er að rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er þungur og mikilvægt er að hljómsveitin setji sér raunhæf markmið til framtíðar. Þrátt fyrir hærri opinber framlög undanfarin ár hafa sértekjur sveitarinnar dregist saman, m.a. vegna minnkandi aðsóknar. Samhliða erfiðri rekstrarstöðu hefur hljómsveitin einnig staðið frammi fyrir áskorunum í vinnustaðamenningu, rétt eins og Ríkisendurskoðun benti á í skýrslu sinni árið 2023. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa þó komið til móts við þrjár af fjórum ábendingum embættisins til fulls eða að hluta.


Afkoma Sinfóníuhljómsveitar Íslands í m.kr.



Eigið fé Sinfóníuhljómsveitar Íslands í m.kr. í árslok




Fjöldi tónleikagesta starfsárin 2018/19 til 2024/25




* Í nóvember 2018 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Japans og lék þar á tólf tónleikum fyrir um 24 þúsund gesti.

Áskrifendur/fylgjendur á samfélagsmiðlum starfsárin 2019/20 til 2024/25



Hluti af niðurstöðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Stofnun ársins árin 2022 og 2025



Niðurstöður og samantekt

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur staðið frammi fyrir ýmsum árskorunum undanfarin ár, bæði varðandi rekstur og í innra starfi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Sinfóníuhljómsveit Íslands: Stjórn-sýsluúttekt](#) (2023) kom fram að almennt væri starfsemi hljómsveitarinnar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum sem um hana gilda. Rekstur sveitarinnar hefði aftur á móti verið erfiður, einkum vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á aðsókn að tónleikum. Starfsárið 2018–2019 sóttu til að mynda tæplega 106 þúsund gestir tónleika sveitarinnar en starfsárið 2020–2021 voru þeir um 14 þúsund. Síðan þá hefur fjöldi gesta ekki náð sömu hæðum og þekktist fyrir faraldur.¹ Þeim hefur fækkað ár frá ári síðustu þrjú ár og veturinn 2024–2025 voru tónleikagestir um 71 þúsund talsins. Þá hefur áskrifendum einnig fækkað. Tekjur hljómsveitarinnar vegna miðasölu hafa því dregist saman á árunum 2023–2025 og ekki verið í samræmi við áætlanir. Opinber framlög hafa aukist á sama tímabili en afkoma Sinfóníuhljómsveitarinnar var neikvæð í árslok 2025 og það sama má segja um eigið fé sveitarinnar. Það er því mikilvægt að Sinfóníuhljómsveit Íslands setji sér raunhæf markmið um öflun tekna og skýr markmið í rekstri.

Endurmeta þarf rekstrarumhverfi

Ríkisendurskoðun benti á það í skýrslu sinni árið 2023 að Sinfóníuhljómsveit Íslands ynni að því að auka aðsókn, fjölga tónleikagestum og setja fram skýra aðgerðaráætlun í því sambandi en endurmeta þyrfti stefnu og rekstrarumhverfi sveitarinnar til framtíðar. Endurskoða þyrfti stefnumarkmið hljómsveitarinnar í ljósi árangurs síðustu ára og um leið að setja fram skýra stefnu um markmið og rekstur. Þessu hafa bæði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og hljómsveitin brugðist við með stefnumótun þar sem sýn og gildi sveitarinnar og stefnuáherslur varðandi mannauð, fjármögnun, listrænan metnað og aðgengi að starfsemi sveitarinnar hafa verið skilgreind. Eftir sem áður er ljóst að reksturinn er erfiður og aðsókn hefur dregist saman.

Enn eru áskoranir varðandi vinnustaðamenningu

Fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar að vinnustaðamenning Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefði veikt árin á undan, m.a. vegna erfiðra starfsmannamála sem hefðu haft mikil áhrif á bæði starfsanda og samskipti. Þá hefðu vinnustaðakannanir einnig sýnt fram á aukna óánægju með starfsaðstæður og laun og vísbendingar væru um aukið álag, einelti og ofbeldi sem vinna þyrfti bug á. Þessu hefur hljómsveitin brugðist við með því að efla innra skipulag, upplýsingagjöf og formfestu í starfsemi sinni. Þannig hefur skipurit verið endurskoðað, starfsmannahandbók gefin út og aðgengi starfsfólks að reglum, stefnum og öðrum lykilgögnum hefur verið bætt. Eftir sem áður stendur hljómsveitin enn frammi fyrir ýmsum áskorunum, m.a. varðandi stjórnun og starfsanda, sé tekið mið af niðurstöðum úr könnuninni *Stofnun ársins* fyrir árin 2024 og 2025, þrátt fyrir að merki séu um jákvæða þróun frá því tímum heimsfaraldurs Covid-19.

¹ Tekið skal fram að inni í gestafjöldatölum Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru taldir með gestir erlendis á tónleikaferðalögum, þ.m.t. erlendis. Í nóvember árið 2018 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Japans og lék þar á tólf tónleikum fyrir um 24 þús. gesti sem eru inni í tölum fyrir tónleikaárið 2018–2019.

Óskýr staða Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands er tilgreind sem A-hluta stofnun í ríkisreikningi. Skyldur menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis til eftirlits með rekstri og starfsemi hljómsveitarinnar ráðast af því. Engu að síður ná lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki til starfsfólks hennar samkvæmt dómi Hæstaréttar. Þrátt fyrir það telst hljómsveitin stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ber henni að haga ákvörðunum sínum í samræmi við það. Samkvæmt tónlistarlögum nr. 33/2023 er hljómsveitin sjálfstæð stofnun og eign þjóðarinnar sem lýtur sérstakri stjórn. Með sömu lögum er Reykjavíkurborg falið að tilnefna einn fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og skal greiða 18% af rekstrarkostnaði hennar. Þrátt fyrir að tónlistarlög geri ráð fyrir að fleiri en einn aðili standi að rekstrinum endurspeglast það ekki í rekstrarformi sveitarinnar sem er, líkt og fyrr segir, skilgreind sem A-hluta stofnun í ríkisreikningi en ekki sem hlutafélag, opinbert hlutafélag eða sjálfseignarstofnun. Ríkisendurskoðun lagði á sínum tíma fram ábendingu í garð menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneyti) að skýra þyrfti stöðu hljómsveitarinnar. Bæði hvað varðar réttindi og skyldur starfsfólks og hvað varðar eignarréttarlegar og rekstrarlegar forsendur. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir ráðuneytisins við ábendingunni hefur það ekki unnið markvisst að framgangi þeirrar vinnu.

1 Eftirfylgni með ábendingum

1.1 Skýra þarf stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Ríkisendurskoðun setti fram fjórar ábendingar árið 2023 og laut sú fyrsta að mikilvægi þess að skýra stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands með tilliti til bæði eignarhalds og reksturs. Ábendingunni var beint til menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti).

Ábending 1: Skýra þarf stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Að mati Ríkisendurskoðunar er tilefni til að skoða skilgreiningu á eignarhaldi og rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands til framtíðar. Bæði til að skýra stöðu starfsfólks gagnvart lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en einnig gagnvart framtíðar fjármögnun hljómsveitarinnar.

Í viðbrögðum sínum árið 2023 tók menningar- og viðskiptaráðuneyti að miklu leyti undir ábendingu Ríkisendurskoðunar og taldi tilefni til að kveða skýrar á um stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hugðist ráðuneytið setja slíka vinnu af stað. Einnig kom fram í svörum ráðuneytisins að með nýjum tónlistarlögum, nr. 33/2023, hefði í grundvallaratriðum ekki verið lagðar til breytingar á lagaákvæðum um hljómsveitina að öðru leyti en því að tekið væri fram að hljómsveitin sé eign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. mgr. 8. gr. Í greinargerð með frumvarpinu segir þó að ekki beri að líta svo á að með þessu ákvæði séu gerðar eignaréttarlegar breytingar á stöðu hljómsveitarinnar. Loks taldi ráðuneytið í svörum sínum að sjónarmið sem byggt var á í dómi Hæstaréttar í máli nr. 438/2006 gildi enn og að óbreyttu teljist hljómsveitin því vera stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga en ekki ríkisstofnun í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2025 kom fram hjá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að á þeim tíma sem skýrsla Ríkisendurskoðunar var unnin hefði verið lagt fram [frumvarp til tónlistarlaga](#). Þar var ákvæðum um eignarhald og rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands þó haldið nánast óbreyttum frá fyrri lögum um hljómsveitina. Í svörum sínum bendir ráðuneytið einnig á að hljómsveitin hafa nokkra sérstöðu meðal opinberra stofnana í ljósi þess að sjálfstæði hennar sé meira en annarra menningarstofnana. Hljómsveitin hefði t.a.m. stjórn sem beri ríkari ábyrgð á rekstrinum en stjórnir annarra menningarstofnana. Stjórnin ræður líka framkvæmdastjóra en það hlutverk sé að öllu jöfnu í höndum ráðherra. Enn fremur sé kveðið á um þátttöku Reykjavíkurborgar í framlagi til hljómsveitarinnar, sem er lögbundið við 18% af heildarframlagi til hennar. Í svörum ráðuneytisins við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar kom fram að nú væri í undirbúningi að rýna þessa stöðu í ráðuneytinu og leggja til lagabreytingar sem skýra ættu stöðu hljómsveitarinnar, m.a. með því að koma á fót starfshópi sem á að skoða möguleika á breyttu eignarhaldi. Einnig ætti að útfæra aðkomu Reykjavíkurborgar með öðrum hætti en nú er gert. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er þessi vinna þó ekki hafin og ekki hefði tekist að undirbúa málið sökum anna. Þá hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands engar upplýsingar fengið um þessar breytingar. Ráðuneyti stefnir þó á að undirbúa tillögu þar að lútandi fyrir næsta löggjafarþing.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna ábendingar 1:

Lítill sem engin vinna hefur átt sér stað af hálfu menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis er varðar frekari skilgreiningu á eignarhaldi og rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út 2023. Þvert á móti hefur málinu verið frestað ítrekað, nú síðast til næsta löggjafarþings. Ráðuneytið hefur þó í hyggju að stofna starfshóp sem á að fjalla um möguleika á breyttu eignarhaldi á hljómsveitinni.

1.2 Ráðuneyti sinni skyldum sínum við eftirlit

Önnur ábending Ríkisendurskoðunar sneri að mikilvægi þess að ráðuneytið sinnt eftirliti með fjármálum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ábendingunni var beint til menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti).

Ábending 2: Ráðuneyti sinni skyldum sínum við eftirlit

Mikilvægt er að ráðuneytið sinni eftirliti sínu með fjármálum hljómsveitarinnar innan hvers fjárlagaárs í samræmi við 34. gr. laga um opinber fjármál. Bregðast þarf við áhættu og veikleikum í rekstri. Ráðuneytið þarf að vera skýrt í samskiptum sínum við Sinfóníuhljómsveit Íslands við endurskoðun ársáætlunar og koma fram með tillögum að lausnum eða leitast eftir samstarfi við hljómsveitina.

Í viðbrögðum sínum árið 2023 benti menningar- og viðskiptaráðuneyti á að í lögum væri ekki að finna sérstök ákvæði um eftirlit með rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá væri kveðið á um sjálfstæði hennar, jafnt í nýsamþykktum tónlistarlögum sem og í lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Skoða þyrfti því stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra með hljómsveitinni í þessu ljósi en samkvæmt 13. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands skal ráðherra hafa eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans. Hvað varðar m.a. fjárráð og eignir sjálfstæðra stjórnvalda sem heyra stjórnarfarslega undir ráðherra skal hins vegar hafa „almennt eftirlit“. Að mati ráðuneytisins gæti því eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum ekki tekið til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum. Í þessu ljósi taldi ráðuneytið ábendingu Ríkisendurskoðunar ganga lengra og leggja ríkari kröfur á hendur því í tengslum við eftirlitshlutverk þess með fjármálum hljómsveitarinnar en efni stæðu til. Taldi ráðuneytið í svörum sínum að taka yrði tillit til þess að þekking á rekstri sveitarinnar lægi hjá stjórnendum hennar fremur í ráðuneytinu. Þá bæri einnig að horfa til þess að eftirlit með starfrækslu og fjárreiðum sjálfstæðra stjórnvalda skyldi vera almennt en ekki sértækt.

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2025 kom fram hjá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að ráðuneytið ynni nú þétt með Sinfóníuhljómsveit Íslands að fjárhagsáætlunargerð hverju sinni og samskiptin hefðu verið regluleg frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út. Ráðuneytið gat þess einnig í svörum sínum að miklar umbætur hefðu verið gerðar í samningum við starfsfólk. Þá hefur fjármála- og efnahagsráðuneyti verið upplýst um erfiða fjárhagsstöðu hljómsveitarinnar. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra hefur einnig upplýst framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og stjórnarformann Sinfóníuhljómsveitar Íslands með skýrum hætti um að bregðast þurfi við rekstrarvanda

hljómsveitarinnar með frekari hagræðingaraðgerðum í ljósi þess að ekki sé að vænta framlaga umfram það sem fjárveitingabréf gefi tilefni til.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna ábendingar 2:

Ríkisendurskoðun ítrekar áfram mikilvægi þess að skýrt og reglulegt samtal eigi sér stað milli menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, ekki hvað síst í ljósi þess að rekstur hljómsveitarinnar er sveiflukenndur. Þá bendir Ríkisendurskoðun á að hljómsveitin er tilgreind sem stofnun í A-hluta í ríkisreikningi en 34. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál segir að hver ráðherra skuli hafa reglubundið eftirlit með fjárhag ríkisaðila í A-hluta sem stjórnarmálefnasviði hans tilheyra og þannig bæði greina og bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Samkvæmt 20. gr. sömu laga skal hver ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára.

1.3 Skýra þarf stefnu um markmið og rekstur

Þriðja ábending Ríkisendurskoðunar laut að því að skýra þyrfti stefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands um markmið og rekstur. Ábendingunni var beint til bæði menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti) og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ábending 3: Skýra þarf stefnu um markmið og rekstur

Endurskoða þarf þau stefnumarkmið Sinfóníuhljómsveitarinnar sem sett eru fram, í ljósi árangurs síðustu ára. Setja þarf fram skýra stefnu um markmið og rekstur hljómsveitarinnar til framtíðar.

Í viðbrögðum sínum árið 2023 benti menningar- og viðskiptaráðuneyti á að stefnumarkmið Sinfóníuhljómsveitarinnar sættu reglulegri endurskoðun í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál. Stefnumiðuð áætlun væri gerð til þriggja ára í senn og endurskoðuð árlega. Að mati ráðuneytisins væri því ekki þörf á að breyta verklagi. Þá taldi ráðuneytið nauðsynlegt að árangur síðustu ára yrði metinn í ljósi aðstæðna sem hefðu skapast í heimsfaraldri kórónuveiru.

Í viðbrögðum sínum árið 2023 tók Sinfóníuhljómsveit Íslands undir mikilvægi þess að stefnumarkmið hljómsveitarinnar yrðu endurskoðuð og að skýra þyrfti markmiðasetningu, sérstaklega þegar kæmi að sértekjum. Fyrsta verk nýrrar stjórnar hljómsveitarinnar yrði að vinna að stefnumótun og töldu stjórnendur mikilvægt að eiga í góðu samtali við bæði ráðuneyti og starfsfólk hljómsveitarinnar meðan stefnumótunin stæði yfir. Þá kom fram í svörum sveitarinnar að rekstrar- og starfsáætlanir hefðu verið endurskoðaðar og gripið hefði verið til hagræðinga-aðgerða sem draga áttu úr hallarekstri. Þá gat hljómsveitin þess í svörum sínum að mikilvæg samtöl hefðu átt sér stað við bæði ráðherra og ráðuneyti sem leitt hefðu til þess að komið yrði til móts við hljómsveitina með auknu fjárframlagi árið 2024 og gekk það eftir.

Tafla 1.1 veitir yfirlit um rekstur og efnahag Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 2022–2025. Eins og sést þá varð viðsnúningur á rekstrarniðurstöðu hljómsveitarinnar árið 2024 þegar henni var veitt aukið fé. Var það í fyrsta sinn síðan 2020 sem rekstrarafkoman var jákvæð. Með því var hægt að taka á uppsöfnun á neikvæðu eigin fé stofnunarinnar. Athygli vekur að eftir þennan

viðsnúning hefur reksturinn leitað í sama farið. Í lok árs 2025 var eigið fé hljómsveitarinnar neikvætt um um 2,6 m.kr. og afkoma ársins var neikvæð um 6,8 m.kr.

Tafla 1.1 Rekstur og efnahagur Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2022–2025 (þús. kr.)

	2022	2023	2024	2025
Framlag ríkissjóðs	1.256.614	1.359.600	1.524.719	1.598.398
Framlag Reykjavíkurborgar	297.862	305.997	326.966	353.678
Önnur framlög og tekjur	198.223	373.909	366.755	343.961
Tekjur samtals	1.752.699	2.039.506	2.218.440	2.296.037
Launagjöld og starfsmannakostnaður	1.207.764	1.265.538	1.355.244	1.495.803
Almennur rekstrarkostnaður	580.829	738.941	741.793	734.548
Framlög, tilfærslur og afskriftir	64.267	64.531	74.986	72.489
Gjöld samtals	1.853.013	2.069.010	2.172.023	2.302.840
Fjármagnsliðir	-153	-562	227	-40
Tekjuafgangur / halli	-100.314	-30.066	46.644	-6.843
Eigið fé skv. efnahagsreikningi í árslok	-51.477	-42.417	4.226	-2.617

Heimild: ORRI og ársreikningar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2025 kom fram hjá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að mótun stefnu væri sífelluverkefni sem unnið væri í samtali ráðuneytis og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Mikil stefnumótunarvinna hefði verði unnin í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar og í ljósi þess ástands sem leiddi til beiðinnar um stjórnsýsluúttekt. Þá kom fram í svörum ráðuneytisins að á hverju ári væri farið yfir markmið hljómsveitarinnar og nauðsynlegar aðgerðir útfærðar í samtali við ráðuneytið. Þessar aðgerðir eru þó ekki tilgreindar sérstaklega í svörum ráðuneytisins. Loks kom fram að unnið væri að því að skýra frekar þær væntingar sem gerðar væru til starfsemi hljómsveitarinnar, þ.m.t. áherslur í jafnréttismálum, flutningi íslenskrar tónlistar og frumflutnings.

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2025 kom fram hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands að búið væri að setja og birta [stefnu](#) hljómsveitarinnar fyrir árin 2024–2027. Þar væru hlutverk, sýn og gildi sveitarinnar útfærð með hliðsjón af tónlistarlögum auk þess sem kjarna hljómsveitarinnar væri lýst. Þá kæmu enn fremur fram þrjár stefnuáherslur um mannauð og fjármögnun, listrænan metnað og framsækni og aðgengileika og skírskotun hljómsveitarinnar í íslensku samfélagi. Loks gat hljómsveitin þess í svörum sínum að á hverju ári væri unnin stefnumiðuð þriggja ára áætlun sem sett væri fram í miðlægu kerfi ríkisins (Akra). Þar kæmu m.a. fram markmið hljómsveitarinnar til næstu ára, auk þess sem upplýst væri hvernig sveitin vinnur að miðlægri markmiðasetningu stjórnvalda á hverjum tíma.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna ábendingar 3:

Af svörum bæði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og Sinfóníu-hljómsveitar Íslands verður ráðið að haft hafi verið samráð í stefnumótun. Hljómsveitin hefur samþykkt stefnu sína fyrir árin 2024–2027 og birt opinberlega. Þar eru m.a. skilgreind hlutverk, sýn og gildi sveitarinnar auk stefnuáherslna sem lúta að mannauði, fjármögnun, listrænum metnaði og aðgengi að starfsemi hennar. Ríkisendurskoðun bendir þó á að afkoma hljómsveitarinnar var neikvæð árið 2025 eftir viðsnúning árið á undan og eigið fé sveitarinnar var einnig neikvætt í árslok 2025. Á sama tíma hefur aðsókn dregist saman og áskrifendum fækkað. Ríkisendurskoðun ítrekar mikilvægi þess að hljómsveitin setji sér raunhæf stefnubundin rekstrarmarkmið þar á meðal tekjuöflun af miða- og áskriftarsölu.

1.4 Hlúa þarf að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda

Fjórða ábending Ríkisendurskoðunar sneri að því að hlúa þyrfti að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda. Ábendingunni var beint til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ábending 4: Hlúa þarf að innri starfsemi og skýra hlutverk nefnda

Hlúa þarf að innri starfsemi og mannauð með upplýsingagjöf og samtölum milli stjórnenda og starfsmanna. Einfalda þarf og skýra hlutverk og starfsemi nefnda og stöðu þeirra í starfseminni. Gagnkvæmur skilningur á hlutverki og mikilvægi einstakra starfsmanna þarf að ríkja en niðurstöður starfsmannakannana gefa til kynna að traust skorti milli hljóðfærðaleikara og starfsfólks á skrifstofu. Byggja þarf upp traust og vinna að þeim tillögum að lausnum sem fram hafa komið við áhættumat á vinnustaðnum.

Í viðbrögðum sínum árið 2023 tók Sinfóníuhljómsveit Íslands undir mikilvægi þess að hlúa þyrfti að innri starfsemi hljómsveitarinnar með markvissum hætti og væru stjórnendur meðvitaðir um að gæta þyrfti að virkri upplýsingagjöf. Í starfsmannasamtölum sem mannauðsstjóri tók við alla hljómsveitarmeðlimi vorið 2023 hefði komið fram almenn ánægja með fyrirkomulag á upplýsingagjöf og töldu stjórnendur því að stefnt væri í rétta átt. Þá væru líka haldnir reglulegir starfsmannafundir og yrði því fram haldið. Auk þess yrði boðið upp á fræðslu og erindi frá utanaðkomandi sérfræðingum um málefni sem tengjast velferð starfsmanna. Þá væri stefnt að halda tvo leiðarafundi á hverju starfsári auk þess sem haldnir yrðu fundir með hverri hljóðfæradeild fyrir sig. Á slíkum fundum færi fram virk upplýsingagjöf og fengju starfsmenn tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum sínum á framfæri. Enn fremur gat hljómsveitin þess að stjórnendur myndu framkvæma mælingar á starfsánægju og vinnuumhverfi með einföldum könnunum fjórum sinnum á starfsárinu og myndu niðurstöður verða nýttar til markmiðasetningar þegar kæmi að því að bæta innra starf. Einnig væri stefnt að því að framkvæma áhættumat á seinni hluta starfsársins 2023–2024 til þess að fá samanburð við fyrra áhættumat. Loks tók Sinfóníuhljómsveitin undir að skýra þyrfti hlutverk og stöðu nefnda og sérstaklega væri mikilvægt skýra ábyrgðarsvið hversrar nefndar. Vinna við að setja fram verklagsreglur hófst vorið 2023, þá fyrir hverja nefnd fyrir sig. Þessari vinnu yrði framhaldið haustið 2023, samhliða því að ný stjórn kæmi til starfa og samhliða stefnumótun. Markmið stjórnenda væri þannig að gæðahandbók yrði tilbúin í árslok 2023.

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2025 kom fram hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands að búið væri að yfirfara skipurit hljómsveitarinnar og starfsmannahandbók (bæði á íslensku og ensku) sé nú aðgengileg á innri vef sveitarinnar. Ekki er vísað til gæðahandbókar í svörum hljómsveitarinnar við eftirfylgninni. Upplýsingagjöf til hljóðfæraleikara væri einnig komin fastar skorðum og viðburða- og skipulagsstjóri greini þannig skilmerkilega frá verkefnum hljómsveitarinnar og skipulagi þeirra, auk þess sem mannauðsstjóri eigi í margvíslegum samskiptum og samtölum við starfsmenn. Þá sé reglulega boðið upp á formleg starfsmannasamtöl og fundi með einstökum hljóðfæradeildum. Þá kom fram í svörum hljómsveitarinnar að reglur um nefndir sem skipaðar eru hljóðfæraleikurum og eftir atvikum öðrum starfsmönnum séu yfirfarnar reglulega og í kjölfarið samþykktar af stjórn. Við endurskoðun sé sérstaklega horft til þess að auka skýrleika, vönduð vinnubrögð og formfestu í starfi nefnda. Þetta eru:

Starfsreglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands	Starfsreglur stjórnar
Starfsreglur fagráðs	Starfsreglur hljómsveitarstjóranefndar
Starfsreglur verkefnavalsnefndar	Reglur um ráðningu hljóðfæraleikara
Verklagsreglur vegna ráðningar hljóðfæraleikara	

Fram kemur í svörum hljómsveitarinnar við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar að allar þessar reglur séu aðgengilegar og uppfærðar á innri vef sveitarinnar, bæði á íslensku og ensku. Að auki hafa starfsmenn m.a. aðgengi að siðareglum ríkisstarfsmanna, mannauðsstefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, gildum hljómsveitarinnar og stefnu hennar, jafnlaunastefnu og persónuverndarstefnu, kjarasamningum og stofnanasamningi. Sinfóníuhljómsveitin gat þess í svörum sínum að starfsmannakannanir væru unnar tvisvar á ári (með HR Monitor) og hljómsveitin hefði skipulagt ýmsa fræðslu og ráðgjöf varðandi heilsu, samskipti, streitu og félagslega sjálfbærni í samstarfi við Auðnast. Loks gat hljómsveitin þess að áhættumat hefði verið framkvæmt á fyrri hluta árs 2024 og niðurstöður þess og aðgerðaráætlun sem sett var saman í kjölfarið eru birtar á bæði íslensku og ensku á innri vef sveitarinnar.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna ábendingar 4:

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ráðist í ýmsar aðgerðir til að efla innra skipulag, upplýsingagjöf og formfestu í starfsemi sinni. Skipurit hefur verið endurskoðað, starfsmannahandbók gefin út á bæði íslensku og ensku og starfsfólk hefur nú aðgang að reglum, stefnum og öðrum lykilgögnum á innri vef stofnunarinnar. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands komið til móts við ábendinguna en embættið bendir um leið á að ýmsar áskoranir standa blasi við hljómsveitinni varðandi starfsanda ef tekið er mið af því að sveitin lækkaði úr 23. sæti í könnuninni Stofnun ársins árið 2024 niður í 33. sæti árið 2025 og hafa bæði heildareinkunn og allir undirflokkar í könnunni lækkað milli ára, þ.m.t. einkunnir fyrir stjórnun og starfsanda.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartún 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími 448-8800 | postur@rikisendurskodun.is | www.rikisendurskodun.is